

Skjalnúmer: R19070048
Skjalafasain Ráðhúss
17. júlí 2019
Bréfalýkill: 532



Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Ólafar Magnúsdóttur
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

15. júlí 2019

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfslokasamninga hjá Félagsbústöðum R19070048

Óskað er eftir upplýsingum um fjárhæðir og fjölda starfslokasamninga sem gerðir hafa verið árin 2015-2019 hjá Félagsbústöðum.

Svar: Á tímabilinu 2015 til 2019 voru gerðir starfslokasamningar við 4 starfsmenn Félagsbústaða vegna skipulags- og áherslubreytinga hjá félaginu. Samningarnir tóku mið af kjarasamningum og fengu starfsmenn greidd laun lögbundinn gagnkvæman uppsagnartíma án þess að farið væri fram á vinnuframlag. Í ljósi aldurs og starfstíma voru í heild greiddir 6 mánuðir umfram lögbundnar greiðslur og námu laun og launatengd gjöld vegna þeirra kr. 6,8 mkr.

Í kjölfar starfslokasamninganna fjögurra fækkaði stöðugildum um eitt, nokkrir mánuðir liðu þar til ráðið var að nýju í aðra stöðu, nýr framkvæmdastjóri tók strax tímabundið við stöðu fráfarandi framkvæmdastjóra og enn hefur ekki hefur verið ráðið í fjórðu stöðuna.

Virðingarfyllt,

Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri